

Öðruvísi Jóladagatal

-Sælla er að gefa en þiggja



Til foreldra og forráðamanna

Við höfum ákveðið að taka þátt í Öðruvísi jóladagatali SOS Barnaþorpanna í desember. Á hverjum skóladegi í desember opnum við nýjan glugga og sjáum stutt myndband um börn frá ýmsum heimshlutum.

Í stað þess að fá gjöf eða súkkulaðibita í dagatalinu munum við leggja áherslu á að gefa af okkur. Nemendur geta unnið létt heimilisverk heima við og unnið sér þannig inn smá pening sem rennur til SOS Barnaþorpanna. Heimilisverkið og tímasetning þess ákveða nemendur í samráði við foreldra sína og það er undir hverri fjölskyldu komið að ákveða hvort og þá hvaða upphæð gefa skuli. Margt smátt gerir eitt stórt! Nemendur fá umslag með sér heim sem þeir geta sett peninginn í og skilað lokuðu í skólann í lokin. Einnig er hægt að leggja framlögin beint inn í gegnum heimasíðu SOS Barnaþorpanna, sos.is.

SOS Barnaþorpin gefa munaðarlausum og yfirgefnum börnum um allan heim öruggt heimili en samtökin starfa í 136 löndum óháð trúarbrögðum og stjórnmálum. Öll framlög sem safnast í ár fara til Malaví og verða notuð til að hjálpa sárafátækum barnafjölskyldum að standa á eigin fótum í gegnum fjölskyldueflingu SOS Barnaþorpanna. Tilgangurinn með fjölskyldueflingunni er að gera foreldrum kleift að mæta grunnþörfum barna sinna til að koma í veg fyrir aðskilnað barna og foreldra.

Öðruvísi Jóladagatal

-Sælla er að gefa en þiggja



Drodzy rodzice i opiekunowie

Postanowiliśmy wziąć udział w „Odmiennym Kalendarzu Świątecznym” organizowanym w grudniu przez SOS Wioski Dziecięce. Każdego dnia od 1 do 17 grudnia będziemy otwierać w kalendarzu nowe okienko i oglądać krótki film o dzieciach z różnych zakątków świata.

Skupimy się na dawaniu od siebie zamiast przyjmowania prezentów i czekoladek z kalendarza. Uczniowie mogą pomagać przy lekkich obowiązkach domowych by zarobić trochę pieniędzy na rzecz SOS Wiosek Dziecięcych. Rodzice i dzieci wspólnie zdecydują o tym czy i ile pieniędzy chcą przekazać, a także kiedy i jakie prace domowe będą wykonywać. Uczniowie dostaną kopertę na zebrane pieniądze, którą przekażą dalej w szkole.

SOS Wioski Dziecięce zapewniają bezpieczny dom opuszczonym i osieroconym dzieciom na całym świecie, a stowarzyszenie to funkcjonuje w 136 krajach niezależnie od wyznania. Wszelkie datki zebrane w tym roku będą przekazane na cele Programu Umacniania Rodziny wspomagającego ubogie rodziny w Malawi na drodze do samodzielności. Program ten pomaga rodzicom spełnić podstawowe potrzeby ich dzieci, a tym samym uniknąć rozdzielenia rodziny.